



Forsætisnefnd Reykjavíkurborgar
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík 8. febrúar 2018

M.nr.: R18020049

Efni: Svar við fyrirspurn Sveinbjargar B. Sveinbjörnsdóttur, óháðs borgarfulltrúa, um aðgerðaáætlun 2015-2020 um framtíð úrgangsmála

Í Aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar um meðhöndlun úrgangs til 2020, sem samþykkt var í janúar 2016, er stefnt að því að glersöfnun verði innleidd á grenndarstöðvum í Reykjavík í áföngum og slík söfnun verði komin á allar stöðvarnar árið 2020.

Grenndarstöðvar eru á 57 stöðum víðsvegar í borgarlandinu og er hafin glersöfnun 23 þeirra. Gámar fyrir gler eru á eftirtöldum stöðum: Barðastöðum, Dalhúsum við sundlaug Grafarvogs, Fjallkonuvegi, Óðinsgötu, Háaleitisbraut, Hallgrímskirkju, Hofsvallagötu við sundlaug Vesturbæjar, Kjarvalsstöðum, Kjalarnesi, Kleppsvegi við Shell, Langholtsskóla við Holtaveg, Laugardalslaug, Laugalæk, Mariubakka/Arnarbakka, Norðlingabraut 1, Rofabæ/Bæjarbraut, Selásbraut/Norðurás, Spönginni, Úlfarsbraut, Þjóðhildarstíg, Skógarseli, Vesturbergi/Norðurfelli og Suðurhlíð við Öskjuhlíðarskóla.

Hafin er vinna við að koma glersöfnun á 10 grenndarstöðvar til viðbótar á þessu ári og verður slík söfnun þá á 33 grenndarstöðvum í lok árs. Bent skal á að Endurvinnslustöðvar SORPU bs. taka einnig við gleri en þá í bland með steinefnum.

f.h. Umhverfis- og skipulagssviðs,

Eygerður Margrétardóttir
Deildarstjóri umhverfis- og úrgangsstjórnunar